



Félag löggiltra endurskoðenda

HAUSTRÁÐSTEFNA 2018

Föstudag 26. október á Grand Hótel Reykjavík

Ráðstefnustjóri: Björn Óli Guðmundsson

8:00	Skráning hefst
8:30 - 8:40	Ráðstefnan sett <i>H. Ágúst Jóhannesson, formaður FLE</i>
8:40 – 9:40	Dan Brannström, fyrrverandi framkvæmdastjóri sænska endurskoðendasambandsins (FAR) Dan ætlar að fjalla um sitt sjónarhorn á framtíð stéttarinnar í ljósi fortíðar og þeirra miklu tækniframfara sem framundan eru sem og þær auknu kröfur sem gerðar eru til okkar hvað varðar staðfestingar, aðrar en fjárhagslegar. Dan steig nýlega til hliðar sem framkvæmdastjóri FAR til margra ára og gaf í því tilefni út bók í síðastliðnum mánuði.
9:40 – 10:00	Kaffi
10:00 – 11:00	Vinnustofur lota 1
11:00 - 11:10	Skiptitími
11:10 - 12:10	Vinnustofur lota 2
12:10 – 13:00	Hádegisverður
13:00 - 14:00	Vinnustofur lota 3
14:00	Aðalfundur FLE hefst í Gullteig strax að lokinni ráðstefnu
16:00	Áætluð lok

Ráðstefnugjald er kr. 38.000 fyrir félagsmenn í FLE og starfsmenn endurskoðunarfyritækja. Hádegisverður er innifalinn í verðinu.

Ráðstefnan gefur samtals 5 einingar samkvæmt reglum um endurmenntun endurskoðenda. Allir þátttakendur fá tvær einingar í endurskoðun og síðan þrjár til viðbótar sem fer eftir vali á vinnustofum.

Vinsamlegast skráið þátttöku ykkar á vef Félags löggiltra endurskoðenda www.fle.is eigi síðar en kl. 12:00 þann 23. október. Að þeim tíma liðnum er ekki hægt að tryggja einstaklingsval á vinnustofum.

LÝSING Á VINNUSTOFUM

Vinnustofa 1: Ungliðun í stéttinni

Umsjón: Ungliðanefnd FLE, Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir hjá PwC og Oddný Assa Jóhannsdóttir hjá KPMG

Ein eining í endurskoðun

Lýsing á vinnustofu:

Fjallað verður um ungliðun og stuðst við efni sem aflað var á ráðstefnu sem Evrópusamband endurskoðenda hélt á síðasta ári.

Verkefni

Umræður og skoðanaskipti að lokinni yfirferð.

Vinnustofa 2: Gæfumunur með núvitund

Umsjón: Ásdís Ólsen, kennari við Háskólann í Reykjavík

Ein eining í flokknum siðareglur og fagleg gildi

Lýsing á vinnustofu:

Með ástundun núvitundar styrkjast þau svæði heilans sem hafa að gera með vellíðan og hamingju. Þannig næst meiri yfirvegum og einbeiting, öflugri sköpun, betra minni og skarpari hugsun. Útkoman verður bætt skipulag, starfsvenjur og árangur í anda núvitundar og nútímastjórnunarháttá.

Verkefni

Hagnýtt verkefni verður lagt fyrir þátttakendur.

Vinnustofa 3: Framsetning á ófjárhagslegum upplýsingum í ársreikningum íslenskra fyrirtækja.

Umsjón: Halldór Ingi Pálsson, ársreikningaskrá Ríkisskattstjóra

Ein eining í flokknum reikningskil og fjármál

Lýsing á vinnustofu:

Farið verður yfir hvernig tekist hefur til hjá íslenskum fyrirtækjum að framfylgja ákvæðum ársreikningalaga hvað varðar framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga í ársreikningum sínum.

Verkefni

Umræður og skoðanaskipti að lokinni yfirferð.

Vinnustofa 4: Endanlegt frumvarp um lög um endurskoðendur og endurskoðun

Umsjón: Pálína Árnadóttir hjá Deloitte og Margrét Pétursdóttir hjá EY

Ein eining í endurskoðun

Lýsing á vinnustofu:

Samkvæmt frumvarpinu eru framundan miklar breytingar á starfsumhverfi endurskoðenda sem einnig hefur áhrif á starfsemi FLE. Meðal annars er endurskoðendaráð lagt niður og aðkoma FLE að eftirliti færast til FME. Farið verður yfir helstu breytingarnar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Verkefni

Umræður og skoðanaskipti að lokinni yfirferð.

Vinnustofa 5: Mitt allra besta

Umsjón: Bjartur Guðmundsson, frammistöðupjálfi og leikari

Ein eining í flokknum siðareglur og fagleg gildi

Lýsing á vinnustofu:

Fjallað verður um áhrif tilfinninga á lífsgæði og áhrifamátt þeirra á gæði í ákvarðanatöku og athafna daglegs lífs. Kennar verða einfaldar aðferðir sem hægt er að nota hvenær sem er til þess að örva taugakerfið þannig að útkoman verði Topp-tilfinningalegt-ástand.

Verkefni

Stutt verkefni og umræða í hópum ef tíminn leyfir.